

JHBS/dk

Reykjavík, 12. apríl 2012

Stjórn Ákærendafélags Íslands hefur borist til umsagnar, með rafpósti allsherjarnefndar Alþingis, dags. 30. f.m., frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, með síðari breytingum, 622. mál, auknar rannsóknarheimildir lögreglu.

1. gr.

Um 1. mgr.:

Telja verður að málsgreinin sé óþörf. Lögregla hefur þegar heimild á grundvelli 1. málsl. 2. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála að hefja rannsókn út af vitneskju eða grun um að verið sé að undirbúa eða leggja á ráðin að fremja refsiverða háttsemi, þ.m.t. brot gegn 175. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 5. gr. laga nr. 149/2009. Það leiðir af ákvæði 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga, um tilraun, að lögregla hefur nú þegar þessar rannsóknarheimildir. Samkvæmt fræðilegri umfjöllun á sviði refsiréttar um tilraun falla allar undirbúningsathafnir undir hugtakið tilraun, sbr. Jónatan Þórmundsson: Afbrot og refsíabyrgð I, Háskólaútgáfan 1999, bls. 105 – 107. Þá þekktist einnig í dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands að sakfelld hafi verið fyrir undirbúningsathafnir, sbr. t.d. dómasafn Hæstaréttar 1948, bls. 1.

Um 2. mgr.:

Það leiðir af umfjöllun um 1. mgr. að ákvæði 1. másl. er óþarft.

Lagt er til að sérregla um rannsóknaraðgerðir samkvæmt XI. kafla, um símhlustun og skyld úrræði, sem mælt er fyrir um í 2. og 3. másl. verði lögfest í 2. mgr. 83. gr. með breyttu orðalagi, sem hér greinir:

„Auk þess sem segir í 1. mgr. verða þau skilyrði að vera fyrir hendi svo gripið verði til aðgerða skv. 81. gr. og 1. mgr. 82. gr. að rannsókn beinist að broti sem varðað getur að lögum átta ára fangelsi eða brot gegn 175. gr. a. almennra hegningarlaga, ellegar ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir krefjist þess.

Með þessu er lagt til að ákvæðið um símhlustun og skyld úrræði heimili þess háttar rannsóknaraðgerðir með skýrum hætti þegar um er að ræða rannsókn á skipulagðri glæpastarfsemi í skilningi 175. gr. a. almennra hegningarlaga. Ákvæðið er að þessu leyti í nokkru samræmi við rannsóknarheimildir lögreglu samkvæmt reglum innanríkisráðherra frá 20. maí 2011, um sérstakar aðferðir og aðgerðir lögreglu við rannsókn sakamála, sbr. 89. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. tédra reglna er lögreglu m.a. heimilt að beita sérstökum aðferðum og aðgerðum við rannsóknir á meintum brotum gegn 175. gr. a. almennra hegningarlaga, að uppfylltum nánari

skilyrðum reglnanna. Ákærendafélagið telur æskilegt að heimildir lögreglu til símhlustunar og skyldra úrræða vegna rannsóknar á skipulagðri glæpastarfsemi séu með skýrum hætti í samræmi við rannsóknarheimildir lögreglu samkvæmt fyrrgreindum reglum við rannsóknir á þess háttar brotum. Um er að ræða náskyld rannsóknarúrræði.

Um 3. mgr.:

Með hliðsjón af fyrri athugasemdum verður að telja að málsgreinin sé óþörf.

Einnig er bent á að samkvæmt 2. másl. 1. mgr. og 3. mgr. 21. gr. og 2. másl. 3. mgr. 23. gr. laga um meðferð sakamála, sbr. bráðabirgðaákvæði, hefur ríkissaksóknari eftirlit með rannsókn lögreglu, þ.m.t. þegar rannsóknir sakamála lúta að undirbúningsathöfnum, sbr. fyrri athugasemdir. Þá er jafnframt bent á að innanríkisráðherra hefur eftirlit með og ber ábyrgð á framkvæmd ákærvalds (þar með talið lögreglurannsóknnum), sbr. 1. mgr. 19. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, sbr. 490. gr. laga nr. 126/2011, sbr. B-lið 5. gr. forsetaúrskurðar nr. 125/2011, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, sbr. og 1. gr. og 12. – 14. gr. laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, með þeim takmörkunum sem leiðir af sjálfstæði ákæranda, sbr. 2. másl. 2. mgr. 18. gr. laga um meðferð sakamála.

2. gr.

Lagt er til að fyrrgreind tillaga að breytingu á 2. mgr. 83. gr. laga um meðferð sakamála taki gildi þegar í stað, sbr. athugasemdir við 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Greinin er að öðru leyti óþörf, sbr. aðrar athugasemdir.

Ákærendafélag Íslands leggst eindregið gegn því að frumvarpið verði að óbreyttu að lögum þar sem færa má rök fyrir því rök, með gagnályktun frá 1. gr. frumvarpsins (52. g. a.), að lögreglu sé óheimilt að hefja rannsókn á meintu tilraunarbroti, þ.m.t. undirbúningsathöfnum, ef ekki er um að ræða meint brot (tilraun) gegn 175. gr. a. almennra hegningarlaga. Með því væri t.d. unnt að færa rök fyrir því að lögreglu væri óheimilt að hefja rannsókn á meintri tilraun til brots gegn 173. gr. a. almennra hegningarlaga (stórfellt fikniefnalagabrot) eða 211. gr. sömu laga (manndráp) sem ekki væri liður í skipulagðri glæpastarfsemi. Slík staða væri algjörlega óásættanleg.

Ákærendafélagið telur tímabært að hafinn verði undirbúningur að löggjöf um forvirkar rannsóknarheimildir lögreglu svo unnt verði að safna upplýsingum um einstaklinga eða lögaðila þótt ekki liggi fyrir rökstuddur grunur um tiltekið brot sem hefur verið framið (fullframið brot eða tilraun til brots), sbr. einnig umsögn félagsins til Alþingis vegna

tillögu til þingsályktunar um forvirkar rannsóknarheimildir lögreglu, 140. löggjafarþing 2011 – 2012, 26. mál. Frumvarp það sem hér liggur fyrir er ófullnægjandi í þessu tilliti.

Á grundvelli forvirkra rannsóknarheimilda, sem mælt verði fyrir um í lögum um meðferð sakamála eða sérlögum, verði unnt að framkvæma rannsókn áður en brot er framið og þá með það að megin markmiði að koma í veg fyrir brot. Forvirkar rannsóknarheimildir þurfa að ná til hvers kyns atferlis sem talið er ógna almenningi, öryggi ríkisins og sjálfstæði þess. Slíkar heimildir þurfa að taka til einstaklings eða hóps manna sem talinn er eða taldir eru ógna öryggi ríkisins eða einstaklinga, svo sem öfgahópa eða einstaklinga sem telja má hættulega vegna sérstaks hugarástands. Ljóst má vera að skilgreining á skipulögðum brotasamtökum samkvæmt 2. mgr. 175. gr. a. almennra hegningarlaga er ófullnægjandi útgangspunktur í þessu tilliti.

Ákærendafélagið leggur áherslu á að vandað verði vel til verka við að orða í lagatexta þau sjónarmið sem þurfa að vera uppfyllt til að forvirkum rannsóknarheimildum verði beitt. Þá þarf að gæta vel að grundvallarreglum um mannréttindi og að lögreglu verði ekki veitt óhóflegt svigrúm í þessum efnum. Þá er lögð rík áhersla á að hugað verði að virku eftirliti með ákvörðunum lögreglu um beitingu slíkra heimilda og þær verði að jafnaði háðar samþykki dómstóla fyrir fram. Þá kemur vel til greina að slíkar rannsóknarheimildir verði háðar sérstöku eftirliti ráðherra og eða Alþingis eða stofnana á vegum Alþingis. Þá skiptir miklu að nægjanlegum fjármunum sé veitt til þeirra stofnana sem málið varðar, þ.m.t. eftirlitsstofnana.

Fyrir hönd Ákærendafélags Íslands,

Jón H. B. Snorrason, formaður

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík